

Egilsstaðaskóli



Fimm ára matsáætlun 2021-2026

Samkvæmt grunnskólalögum og aðalnámskrá grunnskóla skal hver skóli meta árangur og gæði skólafarfa með kerfisbundnum hætti. Matið skal vera tengt markmiðum skólans og aðferðir skulu taka mið af sérstöðu skólans og þeim viðfangsefnum sem unnið er með hverju sinni.

Gagnaöflun innra mats á skólafarfa í Egilsstaðaskóla byggir m.a. á þátttöku skólans í Skólafarfaárinum. Allir nemendur 1.- 5. bekkjar tóku stutta könnun í vetur en nemendur í 6.-10. bekk taka könnunina fjórum sinnum á vetri í smærri hópum. Í kjölfar kannana berast stjórnendum upplýsingar um matsþætti sem kanna virkni nemenda, líðan þeirra og skóla- og bekkjaranda. Starfsmannakönnun Skólafarfa fer fram í mars á ári hverju og niðurstöður hennar berast skólanum í byrjun apríl. Foreldrakönnunin er framkvæmd í febrúar ár hvert. Könnunin er gerð meðal foreldra barna á öllum aldurstigum skólans. Könnuninni svara 120 foreldra líkindaúrtak.

Aðrir þættir sem lagðir eru til grundvallar mati á skólafarfa í Egilsstaðaskóla eru eineltiskönnun á vegum Olweusarverkefnisins sem lögð er fyrir alla nemendur skólans frá 4.-10. bekk í nóvember. Þar að auki eru foreldrafundir og rýnifundir með nemendum og foreldrum. Að öðru leyti mótast aðferðir við innra mat af því viðfangsefni sem verið er að meta.

Niðurstöður innra mats skólans eru birtar í matskýrslu sem gefin er út hvert vor. Þær eru kynntar í skólaráði, fræðslunefnd, foreldrum, nemendum og starfsmönnum. Það er gert með eftirfarandi hætti. Skýrslunni er dreift til fulltrúa í fræðslunefnd og skólaráði og fylgt eftir með kynningu á fundum þessara ráða. Foreldrum eru kynntar helstu niðurstöður í fréttabréfi auk þess sem hluti af niðurstöðum eru einnig kynntar á heimasíðu skólans. Nemendum í 6.-10. bekk eru kynntir helstu þættir með stuttum kynningum í bekk. Starfsmönnum eru kynntar helstu niðurstöður á starfsmannafundum. Matskýrsla skólans er aðgengileg á heimasíðu skólans og einnig matsáætlun, úrbótaáætlun og upplýsingar um matshóp skólans.

Hér fyrir neðan eru viðfangsefni mats á skólafarfa í Egilsstaðaskóla og hvaða viðfangsefni eru í brennidepli á hverju skólaári.

	2022 - 2023	2023 - 2024	2024 - 2025	2025 - 2026	2026 - 2027
Skólanámskrá t.d. stefna, markmið, inntak náms og námsmat					
Starfsáætlun, t.d. skipulag, verkferlar og stoðþjónusta					
Nám og námsárangur					
Nemendur t.d. líðan, þarfir, starfsandi og samstarf					
Kennsla - Kennsluhættir, fagmennska					
Starfsfólk t.d. líðan, starfsandi og samstarf					
Stjórnun					
Viðmót og menning skóla					
Aðbúnaður, vinnuaðstaða					
Samstarf heimila og skóla					
Ytri tengsl t.d. við önnur skólastig og nærsamfélagið					
Umbótaágerðir / þróunarstarf					